



# 6 LEIÐIR TIL AÐ FÁ BARNIÐ ÞITT TIL AÐ LESA MEÐ ÞÉR

Lestur er fjársjóðskista ævintýra og orða. Í gegnum bækur og sögur má efla orðaforða og málþroska barna verulega en mikilvægast af öllu er upplifunin, samveran og samskiptin sem eiga sér stað við bóklestur. Best er að byrja strax við nokkurra mánaða aldur að sýna börnum bækur og hafa bækur í umhverfi barna.

Þessar hugmyndir eru hugsaðar fyrir ung börn, frá 6 mánaða til 2ja-3ja ára.

1

Sittu með barninu. Ef þið snúið hvort að öðru getur það fylgst með svipbrigðum og varahreyfingum og augnsamband er betra. Ef það gengur ekki, hafðu barnið í fanginu.

2

Veldu ákveðin orð og bentu á myndirnar um leið. Það þarf ekki að lesa hvert einasta orð í sögunni.

3

Leiktu það sem gerist í sögunni svo hún lifni við. Notaðu hljóð og hreyfingar á meðan þú lest.

4

Leiktu með bókina eins og hún sé sögupersóna. Skoppaðu henni upp og niður eða láttu hana keyra eins og bíl.

5

Leyfðu barninu að fletta blaðsíðunum eða lyfta flípum til að kíkja undir.

6

Endurtekning!  
Lestu sömu bækurnar og endurtaktu sömu orðin oft. Börn elska endurtekningar.



# 6 LEIÐIR TIL AÐ FÁ BARNIÐ ÞITT TIL AÐ LESA MEÐ ÞÉR

Með því að lesa með börnum má efla orðaforða þeirra verulega. Að fá að ímynda sér aðstæður og atburði, raunverulega eða skáldaða er ómetanlegt. Best er að byrja við nokkurra mánaða aldur að sýna börnum bækur og hafa bækur í umhverfi þeirra. Í fyrstu er áherslan á bækur þar sem myndir eru í aðalhlutverki og fyrir þau allra yngstu (6-12 mánaða) þarf að vera öruggt að mega naga bækurnar.

Það er eðlilegt að börn séu ekki alltaf tilbúin að lesa og vilji frekar gera aðra hluti. En því oftast sem reynt er að halda bókum að börnum, þeim mun líklegra er að þau verði áhugasöm.

Ýmsar leiðir er hægt að fara til að fanga athygli barna, gera bækur spennandi og fá þau til að taka þátt í lestrarstundum. Til dæmis má leyfa barninu að velja bók. Annað hvort með því að sýna því tvær bækur sem það getur valið um, eða leyfa því að fara í bókahilluna og sækja sér bók.

Sex leiðir, sem hér eru kynntar, hafa reynst gagnlegar til að vekja áhuga barna á bókum. Þær eru þýddar og staðfærðar frá bandarískum talmeinafræðingum sem sérhæfa sig í málþroska ungra barna:

1. **Sittu með barninu.** Ef ekki gengur að sitja á móti barninu, prófaðu að sitja með það í fanginu, bak þess að brjóstkassa þínum. Mikilvægast er að finna leið sem hentar ykkur báðum.
2. **Veldu ákveðin orð úr sögunni.** Barnið þitt er kannski ekki tilbúið að hlusta á langar setningar eða heila sögu. Í stað þess að lesa sögu um bangsa orð fyrir orð er til dæmis hægt að segja „bangsi“, „brúnn bangsi“, „bangsi borðar – namm namm“.
3. **Skemmtileg hljóð.** Börn hafa gaman að alls konar hreyfingum og leikjum með hljóð og orð. Grettur og kjánaleg svipbrígdí slá yfirleitt í gegn. Leiktu það sem gerist, til dæmis ef kanína hoppar í sögunni, segðu „kanínan hoppar“ og láttu þig skoppa á rassinum og búðu til kanínueyru fyrir aftan höfuðið með fingrunum. Ef bill flautar, ýttu létt á nefið á barninu eða þér og segðu „bíbb-bíbb“. Ef einver er að róla sér eða renna í bókinni, segðu „vííí“ með breiðu brosi.
4. **Leiktu með bókina.** Hreyfðu bókina eins og persónurnar í henni gera. Skoppaðu bókinni upp og niður þegar kanínan hoppar, láttu sem þú sért að borða þegar bangsi litli borðar eða sveiflaðu bókinni þegar sögupersónan rólur sér.
5. **Leyfðu barninu að fletta eða lyfta flipum.** Áhuginn vaknar oft ef barnið fær þannig að taka þátt í lestrinum og fletta fram og til baka í bókinni. Gætið þess líka að fliparnir séu stífir á meðan barnið er að læra handtökin svo þeir rifni ekki óvart úr.
6. **Endurtekning.** Í öllu sem við kemur málþroska og máltöku ungra barna er endurtekningin hvað mikilvægust. Endurtekning hjálpar börnum að tileinka sér málið.

Vefsíða bandarískra talmeinafræðinga:

<https://speechsisters.com/6-ways-to-get-your-toddler-to-read-a-book-with-you>

